



Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Kópavogi 5. júní 2013

Varðar: Tillögu að mótun nýs samstarfssamnings um rekstur og stjórnun Reykjanesfólkvangs.

Á fundi stjórnar SSH hinn 3. júní sl. var fjallað um ofangreint málefni og meðfylgjandi tillögur sem mótaðar voru á sameiginlegum fundi fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að Reykjanesfólkvangi.

Meðfylgjandi „Tillögur að næstu skrefum varðandi framtíð Reykjanesfólkvangs“ kalla á afstöðu aðildarsveitarfélaganna áður en lengra er haldið við mótun þeirra og úrvinnslu.

Tillögurnar eru því sendar aðildarsveitarfélögunum til umfjöllunar og efnislegrar afgreiðslu, m.a. og einkum vegna fyrirkomulags á tilnefningu í stjórn fólkvangsins og tillögu um aukningu á rekstrarframlagi.

Að öðru leyti er vísað til töluliða 1. – 5. og greinargerðar í meðfylgjandi tillögu

Virðingarfyllst,

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson